

REYKJAVÍKURBORG
19. OKT – 7. DES 2018

Heimaþjónusta 2017

Greind með tilliti til aðferðafræði kynjaðrar
fjárhags- og starfsáætlunar



Velferðarsvið

Inngangur

Í erindisbréfi frá sviðsstjóra Velferðarsviðs dagsettu 2. október 2018 er starfshópnunum sett að greina heimaþjónustu á vegum Velferðarsviðs með aðferum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Skoða þarf hvort núverandi framkvæmd heimaþjónustu og eða dreifing fjárheimilda leiðir til jafnréttis. Ef staðan í dag leiðir ekki til jafnréttis þarf að leggja til tillögur að aðgerðum til að leiðrétta það.

Í starfshópnunum eru Margrét Richter, Guðbjörg Theresia Einarsdóttir og Sigrún Ingvarsdóttir sem einnig er hópstjóri

Lýsing á verkefni og afmörkun

Hlutverk hópsins er að greina útgjöld Velferðarsviðs til heimaþjónustu árið 2017 sem veitt var bæði að degi til, sem og um kvöld- og helgar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Þjónustan er skoðuð út frá kyni og aldri notenda árið 2017 með aðferðum KFS. Ákveðið var að skoða þjónustuna út frá þjónustuveitingu, litið til hvort verið er að veita karl- eða kvenlæga þjónustu og hvort jafnræðis sé gætt milli starfsmanna út frá kynferði. Ekki eru skoðuð sérhæfð úrræði innan heimaþjónustu s.s. viðbragðsteymi heimaþjónustu, utankjarnaþjónustu, heimahjúkrun né stuðningsþjónustu. Fengnar voru upplýsingar frá skrifstofu rannsókna og gæða, og skrifstofu Fjármála og reksturs hjá Velferðarsviði, þökkum við þeim Guðmundi Sigmarssyni og Ricardo Villalobos fyrir aðstoðina.

Niðurstöður

Fjöldi notenda var greindur eftir kyni og aldri og um leið skoðuð kynskipting Reykvíkinga með tilliti til aldurs. Íbúar Reykjavíkur í árslok 2017 voru 126.041, þar af voru 62.363 konur og 63.678 karlar. Tæp 2% karlanna fengu félagslega heimaþjónustu og 4% kvennanna. Hlutfall þeirra sem fá heimaþjónustu hækkar mikið eftir að eftirlaunaaldri er náð en þó sérstaklega eftir áttrætt. Um 25% karla á aldrinum 80-89 ára eru að fá heimaþjónustu og tæp 45% kvenna. Það dregur nokkuð saman með kynjunum eftir nírætt þar sem rúm 50% karla fá heimaþjónustu og rúm 57% kvenna.

Þegar skoðað er hver er skráður fyrir heimaþjónustunni þegar um er að ræða þjónustu til sambúðarfólks eða hjóna (sjá töflu 3.) þá er konan mun oftast skrifuð fyrir þjónustunni. Munurinn á hlutföllum kynjanna minnkar þegar litið er til þess en skýrir þó ekki að fullu hvers vegna fleiri konur eru að fá þjónustu en karlar. Fleiri karlar en konur eru með beingreiðslusamninga og að meðaltali er veittur tímafjöldi meiri til karla en kvenna samkvæmt þeim samningum (sjá töflur 2 og 4).

Þegar skoðaður er meðalfjöldi tíma sem veittir eru í heimaþjónustu inn á heimili (sjá töflu 5) þá fá karlarnir að meðaltali fleiri tíma og á það við um alla aldursflokka nema þann elsta (90 ára og eldri).

Þar sem ekki eru notuð stöðluð mælitæki til að meta heilsufar, færni eða þjónustubörf þá er erfitt að fullyrða um hvort karlarnir sem eru að fá þjónustu séu heilsuverri en konurnar og fái því meiri þjónustu og sömuleiðis er erfitt að fullyrða hvers vegna konur virðast fremur sækja

um og fá félagslega heimaþjónustu en karlar. Það verður þó leitt ýmsum getgátum að því í umræðukafla.

Á árinu 2017 var 12 umsóknum um félagslega heimaþjónustu synjað þar af voru 6 umsóknir frá konum og 6 frá körlum.

Samantekt á þjónustuveitingu eftir kyni og aldri

Hér fyrir neðan eru teknar helstu niðurstöður og samantekt á þjónustu sem veitt er í félagslegri heimaþjónustu frá Reykjavíkurborg. Skoðað er hlutfall Reykvíkinga sem nota sér þjónustuna skipt upp eftir aldri og kyni (tafla 1) þá litið til hversu margir notendur fá þjónusta á daginn sem og um kvöld- og helgar og hvernig hún skiptist eftir kyni og aldri notendanna (tafla 2). Síðan eru kannað hvernig fjölskyldugerðin er hjá þjónustugegunum (tafla 3) og skoðað fjölda veittra tíma til þjónustuþega (tafla 4). Að lokum er meðalfjöldri veittra tíma skipt upp eftir kyni, aldri og þjónustugerð (tafla 5).

Tafla 1. Fjöldi íbúa í Reykjavík í árslok 2017, skipt eftir kyni og hlutfall íbúa sem fékk heimaþjónustu árið 2017

Aldur	Fjöldi íbúa			% með heimaþjónustu		
	Karl	Kona	Samtals	Karl	Kona	Samtals
Yngri en 67 ára	57.051	54.166	111.217	0,6%	0,9%	0,7%
67-69 ára	1.628	1.613	3.241	3,4%	5,2%	4,3%
70-79 ára	3.272	3.669	6.941	8,3%	15,1%	11,9%
80-89 ára	1.458	2.214	3.672	25,2%	44,5%	36,8%
90 ára og eldri	269	701	970	50,6%	57,3%	55,5%
Samtals	63.678	62.363	126.041	1,8%	4,0%	2,9%

Tafla 2. Heimaþjónusta 2017. Fjöldi notenda skipt eftir tegund þjónustu, kyni og aldri

Aldur	Dagþjónusta			Kvöld og helgarþjónusta			Beingreiðslusamningar			Samtals		
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
Yngri en 67 ára	304	471	775	34	21	55	25	20	45	332	490	822
67-69 ára	54	83	137	9	8	17				55	84	139
70-79 ára	269	549	818	35	60	95				270	553	823
80-89 ára	359	968	1.327	73	204	277				367	985	1.352
90 ára og eldri	129	395	524	39	121	160				136	402	538
Samtals	1.115	2.466	3.581	190	414	604	25	20	45	1.160	2.514	3.674

Tafla 3. Heimaþjónusta 2017. Fjöldi notenda skipt eftir fjölskyldugerð og kyni þeirra sem eru skráð fyrir þjónustunni.

Fjölskyldugerð	Kyn þeirra sem eru skráð fyrir þjónustunni		
	Karl	Kona	Samtals
Einhleypur karl	950		950
Einhleyp kona		1.915	1.915
Einstæður faðir	5		5
Einstæð móðir		68	68
Hjón/sambýlisfólk barnlaus	198	480	678
Hjón/sambýlisfólk með börn	7	51	58
Samtals	1.160	2.514	3.674

Tafla 4. Heimaþjónusta 2017. Fjöldi veittra tíma skipt eftir tegund þjónustu, kyni og aldri

Aldur	Dagþjónusta			Kvöld og helgarþjónusta			Beingreiðslusamningar			Samtals		
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
Yngri en 67 ára	14.107	16.949	31.057	2.077	785	2.862	27.931	18.392	46.322	44.112	36.070	80.182
67-69 ára	2.584	2.744	5.327	327	129	456				2.911	2.862	5.773
70-79 ára	12.272	17.581	29.852	1.618	2.731	4.349				13.866	20.232	34.098
80-89 ára	15.372	35.602	50.973	3.803	9.383	13.186				19.140	44.810	63.950
90 ára og eldri	5.609	20.403	26.012	2.104	6.971	9.075				7.713	27.364	35.076
Samtals	49.943	93.278	143.221	9.929	19.999	29.928	27.931	18.392	46.322	87.741	131.338	219.079

Tafla 5. Heimaþjónusta 2017. Meðalfjöldi veittra tíma á árinu skipt eftir tegund þjónustu, kyni og aldri

Aldur	Dagþjónusta			Kvöld og helgarþjónusta			Beingreiðslusamningar			Samtals		
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals
Yngri en 67 ára	46	36	40	61	37	52	1.117	920	1.029	133	74	98
67-69 ára	48	33	39	36	16	27				53	34	42
70-79 ára	46	32	36	46	46	46				51	37	41
80-89 ára	43	37	38	52	46	48				52	45	47
90 ára og eldri	43	52	50	54	58	57				57	68	65
Samtals	45	38	40	52	48	50	1.117	920	1.029	76	52	60

Í töflum 1-5 eru NPA samningar ekki tilgreindir en þegar þeir eru sérstaklega skoðaðir með tillit til tímafjölda, fjármagns og kyns notenda sést samkvæmt þessari töflu (tafla 6) að NPA samningarnir voru alls 13, kvk notendur eru fimm og kk notendur eru átta.

Tafla 6. Tímafjöldi og upphæðir í NPA samningum.

Kyn	Fjöldi	Dag vinnut.	Hlutfall	Kvöld vinnut.	Hlutfall	Helgar/nætur t.	Hlutfall	Alls tímar	Mt. tímafj. á NPA samn.
Konur	5	674	33%	487	24%	865	43%	2.027	405
Karlar	8	1.079	35%	718	24%	1.250	41%	3.048	381
	13	1.753	35%	1.205	24%	2.115	42%	5.074	390

Athuga skal að í NPA samningum er ekki tilgreint sérstaklega t.a.m. hvort heimaþjónusta eða stuðningsþjónusta er veitt, heldur er meðallaun reiknuð út frá hvaða tíma dags þjónustan er veitt af hendi. Svo virðist sem að veittir séu örlítið fleiri tímar til kvk NPA notenda en útkoma á stuðningsþjónustumati getur skýrt þann mismun og það sama á við um beingreiðslusamninga. Aldur NPA notenda er frá 11 ára upp í 57 ára, konurnar eru yngri en meðalaldur þeirra er 26 ár meðan meðalaldur karlana er 37 ár.

Verkefni félagslegrar heimaþjónustu

Þegar litið er til verkefna félagslegrar heimaþjónustu má segja að þau séu að mestu „hefðbundin heimilisstörf konunnar“, þ.e.a.s umönnun og heimilishald. Nýjar rannsóknir sýna meira segja að verkaskipting hjóna á heimilum hafi ekki breyst verulega þó atvinnuþátttaka kvenna sé verulega aukin. Í rannsókn Þóru Kristínar Þórsdóttur, Kolbeins H. Stefánssonar & Stefáns Ólafssonar (2014) kom fram að í fjórum af hverjum fimm tilfellum sjá konur um þvottinn og í meirihluta tilfella sáu þær einnig um þrif og eldamennsku. Í 80% tilvika sjá karlarnir um viðhaldsstörfin.

Skoða þyrfti hvort félagsleg heimaþjónusta þurfi að sinna fleiri „karllægari“ verkefnum til að styðja betur fólk við að halda heimili. Ef niðurstaðan verður sú að það eigi ekki að verða þá þarf að skoða hvernig þeim verkefnum er sinnt. Hver vinnur þau og hvernig fólk sem ekki getur lengur sinnt þeim verkefnum sjálft getur orðið sér úti um þá aðstoð?

Þetta eru verkefni eins og t.d. færa til og hreinsa ruslatunnur; aðstoð við að koma bíl í viðgerð; snjómokstur; söltun/söndun; hreinsa rennur; skipta um ljósaperur; setja upp ljós og ýmis önnur smáviðhaldsverkefni; setja saman húsgögn t.d. úr IKEA, stilla sjónvarp og net osfrv.

Eins og sjá má í næsta kafla má sjá að mikill meirihluti starfsmanna eru konur og því spurning hvort þjónustan mótist af þeirra viðhorfum og starfskröftum eða hvort það er í raun þörfin fyrir þjónustuna sem ræður verkefnavali félagslegrar heimaþjónustu.

Starfshópurinn gerir tillögu um að gerð verði könnun meðal eldra fólks um það hvaða verkefni það þurfi aðstoð við til að geta haldið heimili og þá hvað þeim finnst eiga að vera verkefni sveitarfélagsins og hvað þeim finnst eðlilegt að kaupa á almennum markaði.

Kynskipting í starfsmannahópi félagslegrar heimaþjónustu.

Starfsmenn heimaþjónustunnar skiptist svona eftir fjölda, kyni og stöðugilda:

Tafla 6. Fjöldi starfsmanna við heimaþjónustu í desember 2017

	Karlar	Konur	Alls
Fjöldi stöðugilda	14,2	195,8	210
Fjöldi starfsmanna	21	257	278
þar af, í fullu starfi	9	123	132

8% starfsmanna heimaþjónustunnar eru karlar. Þ.e. 21 starfsmaður er í 14,2stg. á meðan 257 konur eru í 195,8 stg.

Lífaldur starfsmanna sem vinna við heimaþjónustu er dreifður. Starfsmenn eru frá 18 ára aldri og upp í 70 ára. Örlítill launamunur er á milli kynja sem vinna við félagslega heimaþjónustu. Kvenstarfsmenn í heimaþjónustu eru að meðaltali með hærri laun en karlarnir eða 384.950 kr á meðan karlarnir eru með 363.448kr. Þarna er ekki tekið tillit til starfsaldurs, menntunar, stöðu

né lífaldurs. Heildarmeðallaun starfsmanna í félagslegrar heimaþjónustu er kvk er 411.915 kr árið 2017 en kk 410.339.

Þegar heimaþjónustan er skoðuð þá sést að yfirvinna og vaktaálag skiptist svona milli kynja:

Tafla 7. vaktaálag og yfirvinna í heimaþjónustu greind eftir kyni starfsmanna.

Kyn	föst yfirvinna	Mæld yfirvinn	Vaktarálag dag	Vaktarálag nætur og kvöld	Stórhátíð	Akstur
Kona	8	14	37	40	10	224
Karl	5	13	28	49	0	306

Í fljóti bragði virðist launamunur milli kynjanna í félagslegu heimaþjónustunni vera óverulegur og þar sem svo fáir karlar eru í þessum störfum þá er líklegt að hann skýrist af starfsaldri, menntun eða stöðu. Fróðlegt væri að skoða nánar skiptingu lífaldurs og starfsaldur starfsmanna út frá kyni en erfitt reyndist að nálgast þær upplýsingar

Það sem hinsvegar athyglisvert og áhyggjuefni að svo fáir karlar sinni þessum störfum og mögulega skýrast verkefni heimaþjónustunnar að hluta til af skakkri kynjamynd í starfsmannahópnum. Finnst karlmönnum störfin vera of kvenlæg? Eða eru störfin kvenlæg vegna þessarar skökku kynjamyndar?

Þegar skoðaðar eru niðurstöður úr NORDCARE- rannsókninni, sem er rannsókn á vinnuaðstæðum og vinnuumhverfi starfsmanna í umönnunarstörfum á Norðurlöndunum, má sjá ýmsar niðurstöður sem borgin getur nýtt sér þegar verið er að skoða samsetningu starfsmanna í félagslegri heimaþjónustu. Íslenski hluti rannsóknarinnar var framkvæmdur árið 2009 (Elísabet Karlsdóttir, 2011)

Í niðurstöðunum má sjá að

- Yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna í heimaþjónustu eru konur eða um 98% á meðan hin löndin eru á bilinu 92.9 – 100%.
- Næstum því fjórðungur eða 24.% eru 61 árs og eldri. Á hinum Norðurlöndunum er hlutfallsbilið 2.4 – 12.6%.
- Töluvert herra hlutfall starfsmanna á Íslandi er undir 25 ára aldri eða 10%. Á hinum Norðurlöndunum er þetta hlutfall á bilinu 1.4 – 5.2%.
- Þá er um helmingur eða 48.9% íslenskra starfsmanna með menntun eða þjálfun sem er styttri en 6 mánuðir í umönnun aldraðra. Á meðan hin löndin liggja á bilinu 12.5 – 33.6%.
- Starfsfólk á Íslandi hefur mun styttri menntun en á Norðurlöndunum.
- Þá hafa starfsmenn á Íslandi hlutfallslega styttri starfsaldur en annarsstaðar.
- Herra hlutfall starfsfólks á Íslandi hefur unnið skemur en 5 ár miðað við hin Norðurlöndin. Á sama tíma hafa um 23.4% unnið við umönnun í meira en 20 ár eða lengur.
- Um 4% starfsmanna eru með annan uppruna en vinnulands. Svipað hlutfall og í Danmörku eða 4.3%. Svíþjóð 11.9%.

Umræða og tillögur starfshóps

Eftir að hafa skoðað niðurstöðurnar þá standa eftir nokkrar spurningar

1. Af hverju fá hlutfallslega fleiri konur en karlar þjónustu ?

Eftir töluverðar umræður komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að líklegast væri að þær sækja einfaldlega frekar um þjónustu heldur en karlarnir, enda voru synjanir um félagslega heimaþjónustu fáar og skiptust jafnt milli kynjanna.

Ástæður þess að þær sækja fremur um geta verið ýmsar, kannski sækja konur fremur um vegna þess að þetta er eitthvað sem konur ræða um sín á milli; mögulega vegna þess að konur þjást fremur af stoðkerfisvanda en karlar og eiga því erfiðara með að ryksuga og skúra en áður; kannski finnst fleiri konum en körlum mikilvægt að hafa allt hreint og fínt hjá sér; kannski fara karlarnir fyrir á hjúkrunarheimili en konur en þeir halda samt áfram að vera íbúar í Reykjavík og skekkja hlutfallsútreikninga; kannski einfaldlega vegna þess að því er haldið fram að konur sækja sér fyrir aðstoðar en karlar þegar á þarf að halda.

Starfshópurinn skoðaði ekki nánar neinar af þessum mögulegu ástæðum en þetta gæti verið vert rannsóknarefni.

2. Af hverju eru að meðaltali veittur meiri tími í aðstoð inn á heimili karla en kvenna?

Mögulega eru þeir að meðaltali orðnir veikari þegar sótt er um aðstoð og því þurfa þeir einfaldlega meiri aðstoð. Sömuleiðis gæti skýringin verið sú að konurnar taki meiri þátt í verkefnum eða undirbúi heimilið betur undir t.d. heimilisþrif heldur en karlarnir og því taki þau minni tíma. Skýringa gæti einnig verið að leita í því að það sé kynskekkja í mati á þörf fyrir þjónustuna.

3. Hvers vegna eru karlar svona fámennir í starfshópi félagslegrar heimaþjónustu?

Er um að ræða hefðbundin kvennastörf eða eru það launin sem eru þarna að hafa áhrif? Kanna þarf hvort ein af ástæðunum er að fáir karlar sækja um þessi störf og ef svo er hvers vegna? Kanna þarf viðhorf karla til vinnu við félagslega heimaþjónustu og ef ástæða þykir að ákveða hvernig breyta skal viðhorfunum.

4. Eru verkefni félagslegrar heimaþjónustu of kvenlæg?

Starfshópurinn gerir að tillögu sinni að skoðað verði hvort félagsleg heimaþjónusta þurfi að sinna fleiri og „karllægari“ verkefnum til að styðja betur fólk við að halda heimili.

Þetta getur t.d. verið gert með rýnihópum notenda og aðstandendum. Slíkt gæti líka gert störfin karllægari og haft hugsanleg áhrif á viðhorfum fólks til starfsins.

Starfshópurinn telur líklegast að þar sem hlutfallslega fleiri konur eru að fá þjónustu en karlar þá sé líklegra að karlarnir sem eru að fá þjónustu séu í meiri þörf fyrir hana en einnig gæti ástæðan verið blanda af ýmisskonar skýringum.

Þegar skoðaður er meðaltalstími sem veittur er í aðstoð inn á heimili þá er ljóst að hægt er að gera betur í því að aðstoða eldri borgara í Reykjavík til að halda heimili lengur (sjá töflu 5 meðalfjöldi veittra tíma á árinu).

Eins veltum við því fyrir okkur hvort við erum að veita þjónustu of snemma inn til kvenna án þessa að veita endurhæfingu og að sama skapi hvort við erum að veita þjónustu of seint til karla eins og sést hér að framan (sjá töflu 5). Svo virðist sem konur sæki fyrr um þjónustu en spurning hvort að karlar sæki of seint um og eru því orðnir veikari þegar að því kemur. Áhyggjuefni er að við erum að meðaltali að veita litla þjónustu og þá sérstaklega til elsta hópsins.

Í IBenC rannsókn sem gerð var í 6 Evrópulöndum og Reykjavík tók þátt í þá má sjá að íslenskir aðstandendur eru áhyggjufyllri og ósáttari við sín hlutverk í umönnun til sinna öldruðu ættmenna heldur en aðstandendur í öðrum löndum (Inga Valgerður Kristinsdóttir, kynning á fyrstu niðurstöðum IBenC á aðalfundi Öldrunarráðs, 17.maí 2017). Líklegt er að mikil atvinnuþátttaka bæði kvenna og eldra fólks á Íslandi hafi þar áhrif. Við getum hinsvegar ekki litið hjá því að formleg aðstoð frá sveitarfélaginu í Reykjavík (bæði heimaþjónusta og heimahjúkrun) er minni en í flestum hinna landanna og þá þarf líka að skoða hvernig sú aðstoð sem við veitum geti komið betur á mótis við þá sem þurfa á þjónustunni að halda og aðstandendur þeirra.

Bindur starfshópurinn miklar vonir við að endurhæfingateymi í heimaþjónustu sem verið er að koma á laggirnar í öllum hverfum borgarinnar muni bylta viðhorfum til heimaþjónustu og verkefna sem þar eru unnin um leið og þjónusta verður markvissari og líklegri til að mæta þörfum notendanna. Huga þarf þó um leið að því að efla einnig þjónustu til þeirra sem ekki geta nýtt sér þjónustu endurhæfingarteymisins.

Heimildaskrá:

Elísabet Karlsdóttir (2011) Verkefni, vinnuumhverfi og líðan starfsfólks í umönnun aldraðra á Íslandi. Norræn samanburðarrannsókn, 2011. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/10780/1/verkefni%2C%20vinnuumhverfi%20og%20lidan%20starfs%20f%20f%20lks%20i%20um%20C%20B6nnun%20aldra%20C%20B0ra%20C%20A1%20C%20ADslandi%20Norr%20C%20A6n%20samabur%20C%20B0arranns%20C%20B3kn%20ritr%20C%20B6%20C%20B0%20V.pdf>

Inga Valgerður Kristinsdóttir (2017). Kynning á fyrstu niðurstöðum frá IBenC-rannsókninn á aðalfundi Öldrunarráðs 17. maí 2017.

Þóra Kristín Þórsdóttir, Kolbeinn H. Stefánsson, & Stefán Ólafsson. (2014, október 24). Verkaskipting Íslendinga 2013. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/frettir2/thora-kolbeinn-stefan.pdf>